

Fundargerð

Aðalfundur FHA haldinn 18. maí 2022 kl. 15:00

Guðmundur Kr. Óskarsson setti fundinn með dagskrá í fjarveru formanns og stakk upp á að Guðmundur Kr. Óskarsson yrði fundarstjóri og Auðbjörg Björnsdóttir fundarritari, sem fundarmenn samþykktu.

Dagskrá:

1. Fundargerð

Fundargerð síðasta aðalfundar hefur legið á heimasíðu félagsins. Hún var samþykkt án athugasemda.

2. Skýrsla stjórnar

Guðmundur Kr. Óskarsson úr hlaði *Skýrslu stjórnar Félags háskólakennara á Akureyri starfsárið 2021-2021*, sbr. fylgiskjal. í fjarveru formanns. Guðmundur skýrði einstök atriði samhliða yfirferð yfir skýrsluna.

Stuttar umræður um skýrsluna, samningarnefnd fékk hrós fyrir vel unnið starf í tengslum við vinnumatssjóð og rannsóknarreikninga.

Skýrslan var samþykkt án athugasemda.

3. Endurskoðaðir reikningar

Ása Guðmundardóttir, kynnti reikninga félagsins og skýrði frá fjárhag félagsins. Reikningar voru samþykktir án athugasemda.

4. Staðfesting á inntöku nýrra félaga

Nýir félagar voru samþykktir með fyrirvara um að listi með nöfnum 13 nýrra félaga sé réttur, sbr. fylgiskjal. Í félaginu eru 185 meðlimir en voru í upphafi 172.

Inntaka hinna nýju félaga var samþykkt, með fyrirvara um að nafnalistinn sé réttur.

5. Ákvörðun um árgjald

Stjórn lagði til að félagsgjöld verði óbreytt eða 1% af heildarlaunum félagsmanna. Tillagan var samþykkt einróma.

6. Tillögur til lagabreytinga

Engar tillögur höfðu borist innan tilskilins frests þannig að þessi liður var ekki tekin fyrir sérstaklega.

7. Kosning formanns

Hjördís Sigursteinsdóttir bauð sig fram til endurkjörs. Engin mótframboð bárust. Formaður var kosinn einróma.

8. Kosning stjórnar

Aðalmenn:

Helgi Freyr Hafþórsson og Margrét Elísabet Ólafsdóttir hafa verið aðalmenn. Margrét bíður sig ekki áfram. Helgi Freyr Hafþórsson og Ingibjörg Sigurðardóttir hafa boðið sig fram. Helgi Freyr Hafþórsson og Ingibjörg Sigurðardóttir voru kjörin til tveggja ára, án mótframboðs.

Varamenn:

Ingibjörg Sigurðardóttir og Stefán Guðnason hafa verið varamenn. Stefán Guðnason og Hrannar Már Hafberg hafa boðið sig fram og voru kjörnir varamenn til eins árs, án mótframboðs.

9. Kosning tveggja skoðunarmanna ársreiknings

Eftirtaldir eru rétt kjörnir skoðunarmenn ársreiknings:

Stefán Jóhannsson og Fjóla Björk Karlsdóttir. Kjörið var einróma.

10. Kosning samninganefndar/Samstarfsnefnd

Hjördís Sigursteinsdóttir, formaður, Guðmundur Kr. Óskarsson og Auðbjörg Björnsdóttir voru einróma endurkjörin.

Hrannar Már Hafberg var kosinn varamaður.

11. Önnur mál

- a. Spurt úti: Kennslueiningarkerfið, endurskoðun á flokkunarkerfi varðandi námskeið og hvernig kennslueiningar eru reiknaðar, búið er að skipa nefnd sem kemur að endurskoðun á útreikningum kennslueininga, nefndin hefur ekki fundað, en búið að fá kynningu á nýendurskoðuðu kerfi sem er í HÍ. Samninganefnd hefur barist fyrir því að kennsluyfirvinna verði hækkuð það er að segja prósentan
- b. Rætt um komandi samninga og hver áherslan verður, munum reyna að forðast krónutöluhækkun en við fylgjum félagi háskólakennara við HÍ í samningagerð.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan kl. 16:01.

Auðbjörg Björnsdóttir, fundarritari